

Spekingur vikunnar



1. Hvað heitir þú ? Þorgerður.
2. Hvað ertu gömul ? Ég er 5 ára, alveg að verða 6 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ?
Já. Amma Ása, Amma Heiða, Hannes afi, Hermundur afi og hún Heiða Sól systir mín, amma Sista, afi Gutti, og Auður frænka, og ég man ekki meira. Jú ég á lítinn frænda sem heitir... ég man ekki alveg hvað hann heitir.
Svo á ég einn annan frænda sem heitir eitthvað Tómas eitthvað.
 - a. En hvað heita foreldrar þínir ? Ása Berglind Hjálmarsdóttir og Hermundur Guðsteinsson.
4. Hvað finnst þér gott að borða ? Mér finnst kakósúpa góð, og pasta og grjónagrautur.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Mér finnst gaman að leira, og líka mála, og kubba.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Mér finnst leiðinlegast að þurfa að taka til í herberginu mínu.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Tígriisdýr.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Rauður og blár.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Ljón.
 - a. Af hverju ljón? Því ég er bara svo góð í því.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Dýralæknir.. það er svolítið mikið sem ég ætla að verða. Ég ætla að vera sirkusstjarna og tannlæknir, svo ekkert fleira.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Til Svíþjóðar, í Astrid Lindgren-garæinn, og í tívoli. Ég er sko bráðum að fara þangað.
 - a. Veistu hver Astrid Lindgren var ? Já, það var kona sem bjó til Línu Langsokk, Ronju Ræningjadóttir, Emil og mikið fleira.
12. Af hverju er himininn blár ? Mmm, ég bara veit það ekki. Kannski af því að Guði þykir fallegur blár.

